

Fundargerð.

Fundur í skólamálaráði haldinn í Grunnskólanum 30.05.2002.

Mættir: Líney Sigurðardóttir, Þórir Jónsson, Ragnheiður Valtýsdóttir, Steinunn Leósdóttir, Sigríður Jónsdóttir auk skólastjóra Estherar Ágústsdóttir og Hjördísar Henriksen frá leikskóla.

1.Mál:

Skólastjóri bar upp fyrsta mál sem er umræða um hvort skólastjóri sé hæf til áframhaldandi stjórnunarstarfs við Grunnskólann, í framhaldi af bréfi frá foreldraráði 15.05 s.l þar sem foreldrar senda frá sér ályktun og lýsa yfir áhyggjum vegna stöðu skólamála hér, einkum varðandi agavandamála og fleira. Á fundi foreldraráðs kom m.a. fram að óánægja hefur verið í gangi með skólastarfið þennan vetur og ályktun þess fundar var send bréflaga til sveitarstjóra og afrit til skólamálaráðs og skólastjóra. Skólastjóri óskar eftir að skólamálaráð fjalli um málið og sendi frá sér ályktun til sveitarstjórnar. Ákvörðun um endurráðningu skólastjóra liggur þó ekki hjá skólamálaráði en ráðningin var til eins árs í upphafi.

Meirihluti skólamálaráðs telur að Esther hafi tekið faglega á mörgum málum sem upp komu í skólastarfinu á þessu skólaári. Varðandi samstarf hefur skólamálaráð átt ágæt samskipti við Esther en hún hefur tekið ábendingum um úrbætur vel. Einnig var nefnt að skólastarf vetrarins einkenndist af óvæntum uppákomum og vandamálum vegna kennaraskipta. Félagslegir þættir hafa verið erfiðir og komið upp vandamál sem skólastjóri þurfti að taka á og komst vel frá því. Agavandamálin eru til staðar en hugmyndir um úrbætur eru í gangi og er vitnað m.a. í tölvubréf Estherar til sveitarstjóra, þar sem hún gerir grein fyrir þeim, bréf dags. 21.05.02. Þar nefnir hún m.a eineltisáætlun, verkaskiptingu heimila og skóla, agaferli og almennt meiri samskipti milli skólans og heimila. Á grundvelli þeirra úrbóta sem Esther hefur lagt til þá telur meirihluti ráðsins hana hæfa til endurráðningar.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Líney Sigurðardótti ritari.